

í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. október 1952.

Nr. 93/1952. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson)  
 gegn  
**Ólafi Byron Guðmundssyni** (Ragnar Ólafsson).

Þjófnaður.

### Dómur Hæstaréttar.

Dómi sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1951, sem getið er í héraðsdómi, var áfrýjað til Hæstaréttar, og var málið dæmt þar hinn 16. maí þ. á. með þeim úrslitum, að héraðsdómurinn var staðfestur að öðru en því, að refsing ákærða var ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Frakki sá, er í héraðsdómi greinir, var vetrarfrakki, talinn keyptur árið 1937 eða 1938, en engar skýrslur eru fram komnar um verðmæti hans.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum verður ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

### Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Ákærði, Ólafur Byron Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einars B. Guðmundssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1952.**

Ár 1952, laugardaginn 23. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 667/1952: Ákærvaldið gegn Ólafi Byron Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 22. þ. m.

Í máli þessu er Ólafur Byron Guðmundsson verkamaður, Hólmgarði 21, ákærður fyrir að hafa framið brot gegn 244. gr. laga nr. 19/1940 með því að fara hinn 1. janúar s.l. inn í húsið nr. 10 við Þórsgötu og taka þar í heimildarleysi svartan vetrarfrakka, en frakka þessum skilaði ákærði aftur á sama stað nokkrum dögum síðar, og með því að fara nokkrum dögum síðar í janúar inn í áðurnefnt hús og stela þar á ný frakka þeim, er áður getur, og slá eign sinni á hann.

Hann er ákærður til refsingar, sviptingar réttar samkvæmt 68. gr. laga nr. 19/1940 og til greiðslu málskostnaðar.

Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum, að ákærði hefur gerzt sekur um þá verknaði, er í ákæru greinir. Umræddur frakki er eign Guðmundar Halldórssonar, Þórsgötu 10. Í sama húsi býr Björgúlfur Sigurðsson, sem er kunnugur ákærða, og hefur ákærði haldið því fram, að hann hafi talið, að frakkinn væri eign Björgúlfs. Ákærði var í frakkanum, er rannsóknarlögreglan handtók hann, og komst frakkinn til skila.

Ákærði, sem fæddur er 6. ágúst 1925, hefur sætt kærung og refsingum, sem hér segir.

1934 25/9 Kærður fyrir óknytti. Málið sent barnaverndarnefnd.

1936 18/1 Kærður fyrir hnupl. Málið sent barnaverndarnefnd til frekari meðferðar.

1937 7/5 Kærður fyrir þjófnaðartilraun. Samskonar afgreiðsla.

1937 8/5 Kærður fyrir innbrot og þjófnaðartilraun. Samskonar afgreiðsla.

1937 27/5 Kærður fyrir hnupl og þjófnað. Samskonar afgreiðsla.

1938 17/4 Kærður fyrir peningastikk. Samskonar afgreiðsla.

1939 24/3 Kærður fyrir marga þjófnaði. Samskonar afgreiðsla.

1939 17/4 Kærður fyrir lögreglubrot 5. gr. lögreglusamþykktar.

1939 29/4 Kærður fyrir þjófnaði. Samskonar afgreiðsla.

1939 2/9 Kærður fyrir hnupl. Samskonar afgreiðsla.

1939 10/11 Kærður fyrir þjófnað. Samskonar afgreiðsla.

1939 22/12 Kærður fyrir innbrotþjófnað. Samskonar afgreiðsla.

1940 23/3 Kærður fyrir þjófnað. Samskonar afgreiðsla.

1940 18/4 Kærður fyrir þjófnað o. fl. Ráðstafað til dvalar í Engey.

1940 28/4 Kærður fyrir marga þjófnaði. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1941 11/5 Kærður fyrir skemmdarverk í Ingólfs-Café. Fellt niður, með því að kærði lofaði að greiða 15 króna skaðabætur.

1943 15/2 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 2ja mánaða fangelsi, skil-orðsbundið, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1944 17/8 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi, sviptur kosn-

- ingarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaganna.
- 1948 20/4 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 3ja mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
- 1948 24/6 Reykjavík. Dómur aukaréttar: 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
- 1950 10/11 Reykjavík. Dómur: 2 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.
- 1951 22/12 Reykjavík. Dómur: 60 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

Auk þess hefur hann síðan á árinu 1941 sætt samtals 31 sinn sektum frá 25—200 kr. fyrir ölvun o. þ. h. og enn fremur kærður 5 sinnum fyrir ölvun, án þess að refsingu væri beitt.

Brot ákærða varðar við 244. gr. laga nr. 19/1940, og þykir refsing hans með hliðsjón af fortíð hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Samkvæmt 76. gr. sömu laga ber að ákveða, að gæzluvarðhald hans síðan 9. þ. m. komi refsingu hans til frádráttar. Svipta ber ákærða kosningarrétti og kjörgengi samkvæmt 3. mgr. 68. gr. sömu laga. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hrl., er ákveðast kr. 250.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Byron Guðmundsson, sæti fangelsi í 3 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Gæzluvarðhald ákærða síðan 9. þ. m. komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 250.00 til skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hrl.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.